

297. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, haldinn að Skógarbraut 945, Reykjanesbæ, fimmtudaginn 15. desember 2022, kl. 16:00.

Mætt: Ingvi Hákonarson, formaður, fulltrúi Reykjanesbæjar, Margrét Sæmundsdóttir, fulltrúi Reykjanesbæjar, Sunneva Ósk Þóroddsdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar, Annas Jón Sigmundsson, fulltrúi Sveitarfélagsins Voga og Irmý Rós Þorsteinsdóttir fulltrúi Grindavíkurbæjar, auk starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja: Magnús H. Guðjónsson, framkvæmdastjóri, J. Trausti Jónsson, Helgi Haraldsson, Eydis Martinsdóttir og Ásmundur E. Þorkelsson. Bergþóra Sigurjónsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda kom ekki á fundinn.

Dagskrá:

1. Starfsleyfi og skráningar
2. Umboð til HES til staðfestingar á skráningum fyrirtækja.
3. Lóðahreinsanir
4. Hávaðakvartanir frá íbúum við Hafnargötu í Reykjanesbæ
5. Önnur mál

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Starfsleyfi og skráningar

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Keflavík, íþrótt- og ungmennafélag, kt. 530794-2019, Sunnubraut 34, 230 Reykjanesbæ til að reka krá. Formaður nefndarinnar vék af fundi undir þessum lið.
- Brons 230 ehf., kt. 570521-2680, Sólvallagötu 2, 230 Reykjanesbæ til að reka krá. Gildistími 1 ár.
- Lundur fasteignafélag ehf., kt. 660313-0600, Víkurbraut 58, Grindavík til að reka hótél með morgunverðareldhúsi. Gildistími 1 ár.
- Hjallastefnan Leikskólar ehf., kt. 550119-0130, Stafnesvegur 15, 245 Suðurnesjabæ til að reka leikskóla.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Norðurhús, kt. 510299-2809, Stapavegi 7, 190 Vogum til að annast innflutning og dreifingu á drykkjarvörum.
- Brælubakariid ehf., kt. 580516-2460, Hafnargötu 8, 190 Vogum fyrir flatkökubakstri.
- Ísverksmiðja Sandgerðis, kt. 611091-1339 Hafnarsvæði, Sandgerði til að reka ísstöð.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Lion ehf., kt. 651119-0570, Gauksstöðum, Suðurnesjabæ til að reka íbúðagistingu.

Umsóknir um skráningar samkvæmt reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

- Padda ehf., kt. 700118-1690, Hólmlbergsbraut 11, 230 Reykjanesbæ til að reka meindýravarnir.
- Slysavarnadeildin Þorbjörn, kt. 591283-0229 fyrir flugeldasýningu 6. janúar n.k. við Eyjasund í Grindavík.
- Björgunarsveitin Ægir, kt. 630678-0729 fyrir flugeldasýningu 31. desember n.k. á jarðvegstípp ofan Garðs.
- Björgunarsveitin Suðurnes, kt. 690494-2219 fyrir flugeldasýningu 6. jan n.k. á Berginu Reykjanesbæ.
- Spes ehf., kt. 660203-2060, Hafnargata 16, 245 Sandgerði til að reka fiskvinnslu.
- MyCar ehf., kt. 590215-0230, Klettatröð 3, 262 Reykjanesbær til að reka bón- og bílaþvottastöð.
- Elín Ása Einarsdóttir, kt. 131077-5999, Krossholti 5, 230 Reykjanesbæ til að reka hársnyrtistofu.

Heilbrigðisnefnd samþykkir skráningar á ofangreindum fyrirtækjum að uppfylltum starfsskilyrðum og greiddu skráningagjaldi.

2. Umboð til HES til staðfestingar á skráningum fyrirtækja.

Heilbrigðisnefnd veitir heilbrigðiseftirlitinu umboð til að staðfesta skráningar á skráningarskyldum rekstri skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir að uppfylltum skilyrðum. Listi yfir þessar leyfisveitingar skal lagður fram á næsta fundi nefndarinnar til kynningar.

3. Lóðahreinsanir

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja felur Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja að sjá um framkvæmd lóðahreinsana við fyrsta hentugleika og á kostnað eiganda, samkvæmt lögum nr. 7/1998, á eftirtöldum lóðum:

Reykjanesbær
Bogatröð 5
Funatröð 10
Klettatröð 11a
Klettatröð 13
Kliftröð 21

4. Hávaðakvartanir frá íbúum við Hafnargötu í Reykjanesbæ

Nefndinni voru kynntar kvartanir íbúa og vinna heilbrigðiseftirlitsins vegna þeirra.

5. Önnur mál

Ekkert var rætt undir þessum lið og fundi slitið.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið klukkan 17:30.